


SÆRAF EHF



Tölvuverslun
Tölvuviðgerðir
Rafeindapjónusta
Siglingatækjapjónusta

Opið alla virka daga kl. 10-17

Silfurgötu 5 Ísafirði • Sími: 450 6000 - 891 7360 - 891 8260 - sraf.is



Gunnar Sigurðsson

— sjá bls. 6 — 7.

„Nei, ég er svo sem ekki hræddur en stundum er mér ekki sama. Ég hef tvisvar farið niður með snjóflóði, það var óþægilegt en í bæði skiptin gat ég keyrt útúr flóðinu og aftur upp á veg.“



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 12. nóvember 2015 · 45. tbl. · 32. árg. · Ókeypis eintak

Pingeyri við Dýrafjörð

Ljósm. Sigurjón J. Sigurðsson



Jólahlaðborð

Í Arnardal 2015
27. og 28. nóv. og 4. des

Ella og Lúlú sjá um dýrindis veitingar
Verð 7.990,- Sætaferðir

Tími 19-24

Miðapantanir í síma 8976760 Úlfur

Mikolaj sigraði í EPTA

Keppt var til úrslita í EPTA píanókeppninni í Salnum í Kópavogi á laugardag. Nemendur Tónlistarskóla Ísafjarðar voru sigursælir í keppninni en í flokknum 18 ára og yngri sigraði hinn 15 ára gamli Mikolaj Ólafur Frach, nemandi Iwonu Frach. Í sama flokki var Pétur Ernir Svavarsson, nemandi Beötu Joó í 3.sæti og Anna Anika Jónína Guðmundsdóttir, einnig nemandi Beötu, í 4.sæti. Ísfirskir nemendur hafa áður komist í úrslit EPTA en aldrei hafa þeir áður komist á verðlaunapall.

EPTA-keppnin er eina tónlistarkeppnin fyrir nemendur í klassískri tónlist á Íslandi og má því líta á þá sem þar komast í

úrslit sem eins konar „Íslands-meistara“ í sínu fagi. Sigríður Ragnarsdóttir skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar segist afar stolt af sínu fólki, bæði nemendum og kennurum skólans. Hún segir svona árangur ekki nást nema fyrir mikla þrautseigju, dugnað og úthald hjá nemendum og ekki síður hjá kennurum þeirra. Hún segir Mikolaj, sem æft hefur píanóleik frá unga aldri, einstaklega hæfileikaríkan og agaðan nemanda og með foreldra sem styðji vel við bakið á honum í tónlistarnáminu, en hann nemur píanóleikinn hjá móður sinni.

Mikolaj Ólafur er í mikilli tónlistarfjölskyldu, en foreldrar hans þau Iwona og Janusz Frach eru

bæði kennarar við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Iwona kennir þar á píanó og Janusz á fiðlu og selló. Hann á tvo bræður Maksimilian Harald og Nikodem Júlíus sem báðir hafa spilað á fiðlu með ungsveit Sinfóníunnar.

Sjö nemendur Tónlistarskóla Ísafjarðar fóru til keppni EPTA sem er píanókeppni Íslands-deildar Evrópusambands píanókennara. Nemendurnir kepptu í 3 flokkum og stóðu sig öll með þrýði og segir Sigríður það hafa vakið sérstaka athygli hversu margir mættu til keppni frá Ísafirði og einnig að það fái mikla athygli hversu margir stunda píanónám hér í bæ - svo mikið að Ísafjörður, sem gjarnan hefur verið kallaður tónlistarbærinn, væri nú kallaður píanóbærinn Ísafjörður.

Það hlýtur að vekja sérstaka athygli að þeir fimm nemendur sem komust í úrslit í flokki 18 ára og yngri, þar sem fyrst og fremst eru nemendur á framhaldsstigi, skuli öll vera af landsbyggðinni, Ísafirði, Akureyri og Borgarfirði. annska@bb.is



Mikolaj og Pétur á verðlaunapalli í EPTA-keppninni í Salnum í Kópavogi. Mynd: tonis.is

Auglýsingasími bb.is er 456 4560



Inga María Guðmundsdóttir

— Sjónarmið —

Hverjir græða á jafnrétti?

Þessari spurningu var varpað fram á áhugaverðri ráðstefnu um jafnréttismál, í kjölfar Bríetar, sem heimakonur héldu á Ísafirði 24. október s.l. Þetta finnst mér góð spurning því stundum er eins og jafnrétti sé einkamál kvenna, konur eru ráðandi í umræðu um jafnréttismál, konur flykkjast á ráðstefnur og fyrirlestra meðan karlar halda sig til hlés. Er kannski svarið við spurningunni að það eru konur sem græða á jafnrétti? Já, auðvitað græða konur á jafnrétti en eftir að hafa hlustað á fólk úr ýmsum áttum velta þessari spurningu fyrir sér er ég komin á þá skoðun að svarið er flóknara en svo. Já, konur græða á jafnrétti af því allir græða á jafnrétti! Samfélagið allt græðir á því að okkar besta fólk eigi greiða leið að þeim störfum og verkefnum í þágu samfélagsins sem þau hafa hæfileika til. Segir það sig ekki sjálf að það eru meiri líkur á því að finna góðan stjórnmanda (bakara, fiðluleikara) úr hópi 100 en hópi 50 manns?

Á ráðstefnunni veltu fyrirlesarar upp mögulegum svörum

við þessari spurningu. Vilhjálmur Árnason, prófessor í heimspeki við Háskóla Íslands, minnti okkur á að John Stuart Mill (líklega ásamt konu sinni Harriet Taylor Mill) er auðvitað löngu búinn að leysa dæmið í ritgerðinni Kúgun kvenna (1869). Ef við göngum út frá því að hámarks hamingju sem flestra hafi best áhrif á samfélagið allt, eins og nytjastefna Mills heldur fram, þá er það augljóst að samfélagið græðir þegar allir fá að blómstra, annað er soun á félagsauði.

Stjórnunarráðgjafinn Benja Stig Fagerland talaði á svipuðum nótum en setti dæmið upp að hætti viðskiptalífsins: fyrirtæki tapa á því að ráða ekki konur til jafns við karla. Konur eru auðlind sem viðskiptalífið er ekki að nýta sem skyldi, til dæmis til að markaðssetja vörur og þjónustu fyrir konur. Munið þið eftir bleiku Bic penninum sem voru framleiddir fyrir konur og mikið dýrari en venjulegir pennar? Gott dæmi um að markaðsmenn gefa sér hvað konur vilja en hafa okkur ekki með í ráðum.

Fida Abu Libdeh, stofnandi Geosilica Iceland og maður

ársins á Suðurnesjum 2014, talaði um sína sögu og hvernig það hagnast samfélaginu að allir fái að njóta sín. Hún flutti til landsins 16 ára gömul, átti í erfiðleikum í hefðbundnum menntaskóla og gat ekki klárað stúdentsprófið vegna vandræða með dönsku og íslensku. Sem betur fer uppgötvaði hún Keili, sem býður upp á nám fyrir einstaklinga sem hafa ekki klárað stúdentspróf og undirbýr þá fyrir háskólanám. Þar var unnið með Fidu, hún greindist með lesblindu og áherslan lögð á vísindagreinar sem hentuðu henni betur en íslenskan og danskan. Nokkrum árum seinna er hún komin með háskólapróf í umhverfis- og orkutæknifræðum og hefur stofnað fyrirtæki sem nýtir affallsvatn jarðvarmavirkjana til að búa til bæti efni úr kísilsteinefni. Er saga Fidu ekki gott dæmi um nytjastefnu Mills? Fida fékk tækifæri til að blómstra á sínum forsendum og nú býr hún til verðmæti úr vatni sem annars hefði mengað. Hugsid ykkur bara hvað það er gott fyrir samfélagið að fá að njóta hæfileika og hugkvæmni hennar?

Af útlenskum siðum

Sem aðdáandi hryllingsbókmennta og bíómynda þá hef ég alltaf verið skotin í hrekkjavöku. Siðurinn er ættaður frá Keltum, og má kannski með góðum vilja túlka, að hluta til íslenskan vegna uppruna okkar, en mun að öllum líkindum hingað kominn hin seinni ár gegnum áhrif frá bíómyndum, sjónvarpsþáttum og annarri dægurmenningu Bandaríkja Norður-Ameríku. Það lækkar siðinn aðeins í metorðum, ekki hjá mér nota bene, en það er svona mín tilfinning að áhrif frá nágrönnum okkar í vestri séu ekki mjög hátt metin á skalanum yfir æskileg menningaráhrif. En þar sem sá skali er ósýnilegur og auðvitað mjög umdeildur þá þori ég ekkert að fullyrða um það – en held þó að Vínartónleikar þyki nú aðeins finni en hrekkjavaka, að minnsta kosti í betri kreðsum. Hvað mig varðar, þá hef ég mottóið að „ég get alltaf á mig blómum bætt“ hvað varðar útlenska siði og hátíðir. Enda er þá bara verið að bæta við í lífsflórana, gera lífið skemmtilegra og skrautlegra og aldrei er of gert af því!

En vissulega hefur það ekki farið fram hjá mér að sumum er ekki um það gefið að flytja inn útlenska siði og ég ætla ekki að gera lítið úr þeim röddum. Það er nauðsynlegt að einhverjir séu á verði þegar kemur að íslenskrari menningu og setji spurningarmerki við innflutning útlenskra siða, sérstaklega ef þeir ógna íslenskum venjum. Það er nefnilega það frábæra við hrekkjavöku, að það er ekkert á Íslandi henni líkt. Enda hefur umstangið í kringum þessa hátíð aukist, a.m.k. á Ísafirði, og hér mátti sjá hús skreytt og lýst og skuggalegar verur á ferðinni. Það kætir mig óskaplega en ég hef engar áhyggjur af maskadeginum, hann mun standa fyrir sínu og engin ástæða til að halda annað. Enda sýnist mér að hrekkjavöku-búningar vísi meira í hrylling, drauga, beinagrindur, jafnvel gömlu þjóðsögurnar. Maskadagsbúningar eru hins vegar af öllum gerðum. Þess vegna segi ég: Vertu velkomin til Íslands, hrekkjavaka!

Inga María Guðmundsdóttir
Nóvember 2015

Konukvöld

Fimmtudaginn 12. nóvember

Blómaval Ísafirði kl. 19-21

Lifandi tónlist
og léttar veitingar



25%
afsláttur
af öllum vörum
í Blómavali

25%
afsláttur
af búshöldum og
smáraftækjum

25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM Í
BLÓMAVALI

JÓLASKRAUT, JÓLALJÓS,
GERVIJÓLATRÉ
JÓLASERÍUR, KERTI,
GJAFAVÖRUR, VASAR,
AFSKORIN BLÓM,
POTTAPLÖNTUR,
BÚSÁHÖLD O.FL.

Gildir ekki af Kitchenaid vörum

Afsláttur gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“
eða tilboðsvörum.


blómaval
heillandi heimur



Útgefandi: Athafnaglesi ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Ábyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir
Blaðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfjörðum
Staðfræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthafið bb@bb.is.
 Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Ekki vera fáviti!

Hann Stefán Magnússon sem staðið hefur fyrir útihátíðinni Eistnaflug á Neskaupstað gefur þessi fyrirmæli til gesta hátíðarinnar og fáviti í hans augum er sá sem beitir ofbeldi og þá sérstaklega kynferðisofbeldi. Hann hefur líka gefið í skyn að hann muni hætta að standa fyrir þessari hátíð komi í ljós að fávitar hafi sótt hana heim. Þetta eru skýr skilaboð. Sömu leiðis eru það skýr skilaboð sem koma frá Vestmannaeyjum fyrir þjóðhátíð, nauðganir eru óhjákvæmilegur fylgifiskur útihátíða og um þau á ekki að fjalla, við viljum jákvæðir fréttir, þetta er jú svo svakalega gaman, eða hvað!

Við þurfum fleiri Stebba Magg, fleiri sem taka einarða og opinbera afstöðu um að ofbeldi sé ekki liðið, við þurfum ekki þetta endalausa umburðarlyndi með þeim sem beita ofbeldi, við þurfum ekki þessa meðvirkni og við eigum ekki að sýna skilning.

Fréttir undanfarna daga af ofbeldi gagnvart konum, bæði fötluðum og ófötluðum, hafa hrist upp í almenningi. Hvernig má það vera að tvær fatlaðar konur sem kæra sama manninn fyrir að hafa brotið á sér teljast ekki trúverðugar og eindregin neitun mannsins dugi. Eru í alvöru einhverjar líkur á að fatlaðar konur sem ekki þekkja geti látið sér detta í hug að ljúga upp á sama manninn. Ólafur Skúlason og hans níðingsverk rifjast upp í þessu samhengi, hópur af konum stígur fram og þeim er ekki trúað. Hvernig má það vera að tveir menn sem grunaðir eru um að hafa í sameiningu nauðgað að minnsta kosti tveimur konum eru ekki settir í gæsluvarðhald meðan málið er rannsakað? Ég ætla rétt að vona að það komi ekki í ljós að lögregluhúfur sem sjást á myndbandi úr íbúðinni hafi haft eitthvað með þá ákvörðun að gera.

Það er óbærilegt til þess að hugsa að það sé staðreynd að fatlaðar konur séu ítrekað fórnarlömb kynferðisofbeldis og enginn látinn sæta ábyrgð.

Samfélagið okkar hér fyrir vestan liggur undir ámæli um að hafa snúið blinda auganu að þegar fötluð kona verður ítrekað fyrir kynferðisofbeldi. Það er erfitt og margir vita upp á sig skömmina. Við þurfum að fylgjast betur með meðbræðrum og systrum og tilkynna til þartilbærra yfirvalda ef okkur grunar að eitthvað sé misjafnt á seyði og við þurfum að geta treyst því að viðkomandi yfirvöld gripi til allra þeirra aðgerða sem í þeirra valdi stendur til að koma fólki til bjargar. Ef ofbeldi er tilkynnt, til dæmis eins og að reynt sé að draga einstakling gegn hans vilja, inn í bifreið verður lögreglan að bregðast við, skilyrðislaust. Ef kerfið fer ekki að gera ráðstafanir til þess að bregðast við þessum málum mun almenningur á endanum taka til sinna ráða. Fórnarlömb kynferðisofbeldis eru orðin svo mörg, aðstandendur þeirra eru líka margir, þetta fólk er búið að fá nóg.

Það er vakning í þjóðfélaginu, við viljum ekki fleiri fávita.

BS

Spurning vikunnar

Ferðu á jólahlaðborð?

Alls svöruðu 203.

Já, sögðu 95 eða 47%

Nei, sögðu 108 eða 53%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

HEY ÞÚ!

Fyrir síðustu jóla tóku nokkrir samfélagssinnaðir einstaklingar sig til að dreifðu á facebook áskorun sem fólst í því að menn voru hvattir til að versla jólagjafir í sínu nærsamfélagi. Þá má segja að með því sláist tvær flugur í einu högg, jafnvel fleiri. Stutt er við atvinnustarfsemi nágranna en blómlegt atvinnulíf er öllum til hagsbóta. Eitt stærsta umhverfisvandamál nútímans felst kostnaði við flutninga, það sparast ef lögð er áhersla á að versla vöru sem framleidd er í heimabyggð.

Í lista og menningarsamfélagum Vestfjarða ætti ekki að vera vandamál að finna skemmtilega og frumlega hluti til jólagjafa, hér er annað hvert mannsbarn að föndra við skrifir eða aðrar listir. Eða eins og segir í áskoruninni: „... af nágrannanum sem selur vöru sína á netinu, handverksfólkinu sem gerir skartgrip, þrjónar lopapeysur eða gerir önnur listaverk, bakaríunum sem selja kringlu, snúða og kökur, gaurunum eða gellunum sem reka kaffihúsin, veitingastaðina eða snyrtistofurnar.“

Það eru nágrannar þínir sem kvitta undir þessa áskorun.

HEY ÞÚ!

Hér er hugmynd

Kaupum jólagjafir af litlum fyrirtækjum og sjálfstætt starfandi fólki í heimabyggð.

Til dæmis af nágrannanum sem selur vöru sína á netinu, handverksfólkinu sem gerir skartgrip, þrjónar lopapeysur, eða gerir önnur listaverk, bakaríunum sem selja kringlu, snúða og kökur, gaurunum eða gellunum sem reka kaffihúsin, veitingastaðina eða snyrtistofurnar.

Verum viss um að peningarnir okkar fari heldur til einstaklinga í samfélaginu en stórfyrirtækja í öðrum landshlutum. Þannig mun stærri hluti heimafólksins eiga gleðileg jól.

Styðjum raunverulegt fólk.

Kærar kveðjur, þínir nágrannar :)

TAKK FYRIR GOTT SAMTAL

RÚV þakkar þeim sem mættu á opinn fund RÚV á Ísafirði fyrir uppbyggilega gagnrýni og góðar umræður um starfsemi Ríkisútvarpsins. Þeir sem vilja koma með ábendingar, hugmyndir eða tillögur um starfsemi RÚV eru hvattir til að senda tölvupóst á abending@ruv.is.

Frétta- og dagskrárgerðarmaður RÚV á Vestfjörðum
 Halla Ólafsdóttir
halla.olafsdottir@ruv.is

Hér er hægt að fylgjast með fréttum og umfjöllun RÚV frá Vestfjörðum www.ruv.is/vestfirdir



-okkar allra



Allir flytjendur sungu lokalagið saman undir stjórn Bjarneyjar Ingibjargar Gunnlaugsdóttur.

Vel heppnaðir tónleikar



Arnheiður Steinþórsdóttir, lék stórt hlutverk á tónleikunum.

Mikið fjölmenni mætti á styrktartónleika fyrir Katrínu Björk í Ísafjarðarkirkju á sunnudaginn, enda þyngra en tárur taki að svo ung stúlka þurfi að glíma við svona erfið veikindi. Undirtektir samfélagsins sýna svo ekki verði um villst að það þarf þorp til að ala upp barn og þorpið hennar Katrínar tekur hlutverk sitt alvarlega. Á stökk stigu okkar flottustu tónlistarmenn og stundin var falleg og nærandi. Systir Katrínar las kveðju frá henni og augljóst að hún er ekki á þeim buxunum að gefast upp, hún er í endurhæfingu á Grensá og tekur daglegum framförum. Síðan fór hver kórinn á fætur öðrum á pallana og flutti undurfagran söng fyrir kirkjugesti, Karalakórinn Ernir, Sunnakórinn, Kvinnakórinn og Nótukórinn. Dagný Arnalds stýrði samkomunni af sinni alkunnu snilld, mildi og hlýju. Flateyrahljómsveitin tók nokkur lög enda þetta litla þorp ríkt af góðu tónlistarfólki.

Vinkona Katrínar, Arnheiður Steinþórsdóttir, lék stórt hlutverk á samkomunni og söng hverja perluna á fætur annarri. Þær stóllur hafa sungið saman frá barnæsku og rúllað upp keppnum, þó sérstaklega söngkeppni Ólafstúnshátíðarinnar. Arnheiður er afar hæfileikarík ung stúlka, það verður gaman að fylgjast



Dagný Arnalds var kynni og stýrði samkomunni.

með hennar afrekum á tónlistarsviðinu í framtíðinni.

Ef hægt er að senda góða strauma sem styrkja og lækna hlýtur Katrín að hafa tekið miklum framförum í gær, fleiri hundruð manna kom saman og hugsaði til hennar. Og það var ekki bara í gær, ótalmargir fylgjast með hennar baráttu og munu gera þar til bati fæst.

A portrait of Gunnar Sigurðsson, an older man with grey hair and a beard, wearing a dark blue shirt. He is looking slightly to the right of the camera with a gentle smile. The background is a blurred indoor setting.

Riddarinn á heiðinni

Gunnar Sigurðsson á Þingeyri

Tíðindakona Bæjarins besta brásér suður yfir Gemlufallsheiði í leit að fórnarlambi í opnuviðtal. Bráðin var að þessu sinni Gunnar nokkur Sigurðsson vélakall á Þingeyri og tók hann góðfúslega á móti tíðindakonunni, svona rétt á milli karlakórsæfinga. Gunnar býr í ljómandi fallegu og rúmgóðu raðhúsi á Þingeyri, „á besta stað“, segir hann „hjúkrunarheimilið, kirkjan og kirkjugarðurinn í túnfætinum svo það er aldrei langt að fara.“ Á hlaðinu standa voldugir bílar og greinilegt að húsráðandi á þessum bæ ferðast ekki um á slydduþjappum eða smábílum. Það er heimilislegt innandyra og veggirnir þakfir fjölskyldu- og barnamyndum, grunur leikur á að pilturinn sé ekki einn í heiminum. Það kom líka á daginn, þegar Gunnar fæddist foreldrum sínum, þeim Sigurði Friðfinnssyni og Björnfríði Magnúsdóttur í maí 1950 voru þegar fædd þau Þórður (1946), Líni (1947) og Guðfinna (1949). Sigurður og Björnfríður létu ekki staðar numið við þetta fjórða barn heldur héldu ótraud áfram við að fjölga Dýrafirðingum og þegar yfir lauk voru komin 17 börn og í þetta verkefni tóku þau 23 ár, rétt að geta þess að aldrei var svindlað og tveimur skotið í hana veröld í einu.

Björnfríður á ættir að rekja í Dali, fæddist í Stóra-Galtardal á Fellsströnd í desember 1926 en örmá fluttist hún með foreldrum

sínum að Hvammi í Dýrafirði en stöldruðu þar stutt við því ári seinna fóru þau að Ketilseyri þar sem hún bjó alla tíð eftir það, fyrir utan 2 ár á Þingeyri 1943–1945. Sigurður fæddist á Kjaransstöðum í Dýrafirði 1916 og bjó alla sína tíð í firðinum fagra, hann útskrifaðist sem búfræðingur frá Bændaskólanum á Hólum árið 1942 og hóf svo búskap með Björnfríði konu sinni á Ketilseyri árið 1945. „Það var reyndar hann Þórður, bróðir hans pabba, sem keypti Ketilseyri og ætlaði að búa þar. Pabbi tók við búinu tímabundið meðan Þórður var í öðrum störfum en svo fórst Þórður og úr varð að pabbi og mútta tóku við.“

Það hefur verið eitthvað í að líta á stóru heimili hjá hjónunum á Ketilseyri og allir þurftu að leggja sitt af mörkum. Þar var hefðbundinn sauðfjárbúskapur og kýr „svona til heimanota“, segir Gunnar. Aldrei skortur á neinum nauðsynjum, aldrei neinn svangur og öllum var hlýtt, „við vorum alin upp í kærleika“, segir hann, „og ég held við höfum verið hamingjusamir krakkar.“ Húsakynnin á Ketilseyri voru alveg þokkaleg og ekki vandamál þó það væru svona 5–6 í hverju herbergi, það voru aldrei allir heima því þessi elstu voru farin að heiman þegar yngstu fæddust. „Jú, ég held við höfum verið heilsuhaust öll, man þó að við fengum mislinga.“ Í minn-

ingu Gunnars var samkomulag systkinanna gott þó auðvitað hafi stundum slettst upp á vinskapi og þau reyna að hittast reglulega á fullorðinsárum, helst að minnsta kosti annað hvert ár. En hópurinn er stór og dreifður, Guðfinna elsta systirin lést í vor en að öðru leyti eru þau hraust.

„Ég man ekki eftir miklum gestagangi, ég held að foreldrar mínir hafi verið frekar félagslyndir en auðvitað var mikið að gera á stóru heimili. Mútta var í kirkjukórnum og svo var hún mjög hög, hún þrónaði og saumaði og söng svo fallega að það jafnvel stóð til að senda hana í söngnám.“ En ef taka má mark á minningagrein sem rituð var um Sigurð, föður Gunnars, var mikill gestagangur og í eldhúsinu oft fjörugar umræður um landsins gagn og nauðsynjar. Sigurður var mikill áhugamaður um atvinnumál og bar hag fjarðarins mjög fyrir brjósti, hann var félagsmaður í Búnaðarfélagi Þingeyrarhrepps í 63 ár.

„Við lékum okkur mikið úti- við, í vegavinnuleikjum og að sigla á tjörnum. Ég átti ekki skauta eða skíði en við systkinin tókum samt þátt í árlegum skíðagöngum, fengum bara lánuð skíði. Og þó ég mætti alltaf á Héraðsmótin þá man ég ekki eftir að hafa tekið þátt. Það voru mörg börn í firðinum en mest lékum við okkur við krakkana frá Kjaransstöðum, þar bjó bróðir pabba.

Við vorum ekkert mikið að fara á Þingeyri, fórum á jólaböllin en annars man ég ekki eftir að hafa farið á Þingeyri fyrr en ég var orðinn 10 ára gamall.“

Systkinin á Ketilseyri þurftu ekki að keyra langar leiðir til að sækja skóla því farskóli var í sveitinni og kom kennarinn að Ketilseyri og dvaldi þar í nokkrar vikur yfir veturinn og var kennslan ætluð fyrir börn 10–14 ára. Þar með er upptalin skólaganga Gunnars fyrir utan einn vetur sem hann var í Reykjanesi. Þau voru þrjú systkinin á sama tíma í Reykjanesi og hefur Gunnar ágæt minningar þaðan, þó rámar hann í einhver hrekkjusvín. Heldur voru þau systkin hvött en lött til að sækja sér meiri menntun, sem þau og gerðu nokkur, sérstaklega strákarnir en í hópnum eru trésmiðir, vélstjórar, búfræðingar og rafvirkir.

EKKI þurfti að jaga barnahópnunum í sprautur eða árlegt eftirlit því lækurinn kom að Ketilseyri og sprautaði barnahópinn. Krakkarnir á Kjaransstöðum komu yfir á Ketilseyri til að fá sprautu.

„Við áttum ekki bíl fyrir við fengum vörubíl árið 1964 eða 1965, við fórum bara á milli á traktor eða fengum far með einhverjum í sveitinni. Það þurfti stundum að fara í búð á Þingeyri sem fyrir mig var eins og fara í stórborg. Á Þingeyri var fullt af

verslunum, þarna var Kaupfélagið, Sigmundarbúð, Natanelsbúð, Verslunarfélagið og svo þessi fína bókabúð. Það var reyndar mjög oft ófært inn á Þingeyri. Og, jú, ég man þegar mamma tók slátur, ókalonaðar vambir og það átti eftir að sviða hausana og lappirnar. Pabbi fylgdist vel með og við vorum frekar tæknivædd, rafmótor í smíðjunni á Kjaransstöðum svo við gátum sviðið hausana. Við vorum með þeim fyrstu til að fá traktor í firðinum og vélvæðast í heyskap. Þeir unnu þetta saman bræðurnir á Ketilseyri og Kjaransstöðum.“

En hvernig var vélvæðingin innandyra?

„Tja, við fengum ekki ísskáp fyrr en um 1960 en þvottavél finnst mér hafi alltaf verið til. Sjönnvarpið fengum við sennilega 1968 en útsendingin hér í Dýrafirði var lengi mjög léleg.“

Pilturinn Gunnar var fljótt sjálfbjarga og 1968 reif hann upp úr rassvasanum 168.864 krónur og fékk í staðinn glænýjan bláan Moskvitch, beint úr kassanum. Númerið Í-1219 er greytt í minnið og stoltið örugglega líka. Reyndar voru þau systkinin flest komin á sína eigin bíla mjög snemma enda þurft að sækja vinnu um leið og þau höfðu aldur til. Svo var hægt að skella sér á sveitaball, hvort sem það var haldið á Birkimel, Barðaströnd eða Bolungarvík. Ferðin til Reykjavíkur til að



Ketilseyrarsystkinin.

sækja gripinn var hans fyrsta ferð til höfuðborgarinnar og sjaldan hefur hann staldrað þar lengi við. „Ég þurfti að fara þangað á þungavinnuvélanámskeið og var þá í nokkrar nætur, annars er ég ekki mikið í Reykjavík. Og aldrei kom til tals að fara til útlanda meðan ég var að alast upp, við fórum ekki einu til tannlæknis. En eftir að ég varð fullorðinn hef ég talsvert ferðast og hef gaman að því. Mig langar næst að fara í „Hurtigruten“ í Noregi og svo hef ég aldrei farið til Danmerkur. Síðast fór ég með karlakórnum

til Ítalíu og var það mjög vel heppnuð ferð.“

Gunnar fór ungur að vinna og 1964 gróf hann þurkskurði í Botni í Dýrafirði með Þórði bróður sínum við afar erfiðar aðstæður. Sigurður var framsýnn athafnamaður og hafði fest kaup á gröfu sem hægt var að nota við svona verkefni. Þeir bræður lágu í tjaldi það sumarið og þurftu að bera alla olíu á vélina í brúsum. Ári seinna tók Gunnar við vélunum og hefur sinnt þeim síðan. Árið 1972 stofnaði hann Brautina ásamt föður sínum og

Magnúsi bróður sínum. Brautin er enn í fullum rekstri og þeir saman Gunnar og Magnús í rekstrinum. „Við eigum fullt af vélum, en samt of fáar! Við eigum tvær gröfur, hjólaskóflu og traktor. Þetta er svona upp og niður, stundum er lítið að gera, stundum mikið. Stundum vantar okkur aukamann en ég nenni ekki alltaf að bjóða í öll verk, vil fara aðeins að minnka vinnuna. Við erum með ágæta aðstöðu til viðgerða en svona seinni ár erum við búnir að vera með nýrri vélar, þá er þetta ekki alltaf að bila.“

Gunnar færir bókhaldið sjálfur fyrir fyrirtækið og telur að það sé nauðsynlegt til að hafa yfirsýn yfir reksturinn.

Gunnar hefur frá 1973 séð um mokstur á einum hættulegasta fjallvegi landsins, Hrafnseyrarheiðinni, og hefur marga fjöruna sopið ef svo má að orði komast. „Nei, ég er svo sem ekki hræddur en stundum er mér ekki sama. Ég hef tvisvar farið niður með snjóflóði, það var óþægilegt en í bæði skiptin gat ég keyrt útúr flóðinu og aftur upp á veg. En ég grét þegar ég kom á Flateyri eftir

flóðið 1995. Það var mjög af bæjarbúum dregið fannst mér, það voru búnir að vera erfiðir vetur á undan og veturinn 1994–1995 var svo snjóþungur að ég fann að það var kominn þreyta í fólk. Eftir flóðið í Súðavík tók það mig 2 daga að moka mig inn á Flateyri, svo mikið var fannfergið. Það höfðu fallið mörg snjóflóð á Hvilftarströndina og á milli Hvilftar og Sólbakka var að minnsta kosti 3ja metra hátt flóð.“

Nú ertu búinn að vera á tækjunum í 50 ár, hefur þér aldrei dottið í hug að breyta til?

„Nei, ég held bara ekki, vélavinnan er fjölbreytt og maður er alltaf að læra eitthvað nýtt. Þetta er gaman í góðu veðri, ég er kominn á góðar vélar og dagarnir eru mjög fjölbreyttir.“

Þrátt fyrir að hafa alltaf búið einn, það er að segja eftir að Björnfríður móðir Gunnars lést árið 2006 er Gunnar félagslyndur maður og kannast ekki við að vera einmana. „Ég fer bara eitthvað í heimsókn ef mér leiðist.“ Gunnar hefur erfð sönghæfileikana frá móður sinni og hefur um árabil sungið í kórum. Fyrst í kirkjukórnum, síðan karlakór Þingeyrar meðan hann var og hét og núna er hann annar bassi í karlakórnum Erni. „Við erum reyndar öll systkinin músikölsk, meira að segja kötturinn.“ Á gólfinu í stofunni stendur forláta harmonikka og viðurkennir Gunnar með semingi að hann spili eitthvað á hana, hann er stofnfélagi í harmonikkufélaginu en er sjálfmenntaður í spileríinu. „Það er svo erfitt að mæta á námskeið, allt í einu fer að snjóa og ég þarf að rjúka út að vinna.“ Og svona alveg okkar í milli og fer ekki lengra þá eru í skúffum einhver lög sem einhverjir eiga vonandi eftir að heyra.

Gunnari eru samgöngumál hugleikin og hann hefur áhyggjur af andvaraleysi fólks og finnst að samgöngur hafi versnað með árunum. Um leið og vegir urðu betri hættu skipaferðir, flugvöllum fækkaði og nú er svo komið að landleiðin er sú eina sem er fær. „Ef hér koma snjóþungir vetur, eins gerði svo oft hér í eina tíð, þá eru fólk allar bjargir bannaðar. Hér geta auðveldlega allir vegir lokast í marga daga og hvað gerist þá? Eru fjölskyldur viðbúnar því að komast ekki verslun í marga daga? Sem betur fer er varaafli á Þingeyri, en samt sem áður má alltaf búast við að rafmagn geti farið í nokkra klukkutíma, jafnvel daga.“ Gunnar er við öllu búinn og er með gashellu við höndina ef á þarf að halda.

Og nú þarf Gunnar að rjúka, framundan er æfing hjá karlakórnum fyrir styrktartónleika Katrínar Bjarkar sem halda á í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 8. nóvember.



Gunnar fyrir miðju með karlakórnum Erni.

Skiljum óparfa umbúðir eftir við kassann, laugar- daginn 14. nóvember



Umbúðir hafa stórauðist hægt og bítandi síðustu áratugi. Kaupmaðurinn á horninu sem seldi allar vörur í lausu er horfinn og nú er nánast ekki hægt að kaupa óinnpakkaðar vörur í verslunum. Við höfum ef til vill ekki spáð mikið í þessari aukningu fyrr en umhverfissjónarmið fóru að stinga upp kollinum.

Síðastliðin ár hefur flokkun sorps orðið að daglegu athæfi hjá flestum landsmönnum. Margir hverjir tóku þessari nýju rútínu með gleði og voru ánægðir með að geta lagt umhverfismálum lið með þessu móti. En þegar við höfum flokkað sorpið kemur mörgum á óvart hve mikið magn af umbúðum við berum heim með okkur í hverri búðarferð. Plast- og pappírslökkarnir fyllast fyrst á flestum heimilum.

Pessa dagana fljóta um veraldarvefinn mikið af upplýsingum um skaðleg áhrif umbúða á umhverfið, að lítil hluti umbúða sé í raun endurunninn og ef til vill sé umhverfisávinningurinn af endurvinnslu umbúða minni en áður var talið. Einkum

vegna langra flutningsleiða til endurvinnslustöðva utanlands, blönduðum umbúðum og mismunandi tegunda af plasti sem flokkast saman. Þetta skapar ólgu í fólki sem eyðir sínum dýrmæta frítíma í að flokka samviskusamlega allt sorp. Nú hefur þetta fólk byrjað að safnast saman í fjölmennan Facebook hóp kallaðan „Bylting gegn umbúðum“ þar sem þau deila með sér hugmyndum og reynslu.

Ég hafði heyrt um byltingu í Þýskalandi, þar sem þjóðverjar neituðu að taka með sér umbúðirnar utan af vörunum, og það hafi leitt af sér góða hluti. Umbúðir hafi minnkað, það eru flokkunartunnur í verslunum og á mörgum stöðum er mögulegt að kaupa vörur í lausu. Mig hefur síðan þá kitlað í fingurna af löngun til að fjarlægja umbúðir eftir að ég greiði við kassann.

Laugardaginn 14. nóvember
efnir „Bylting gegn umbúðum“
til átaks þar sem neytendur um
allt land taka sig saman um að
fjarlægja óþarfa umbúðir af
vörunum. Við sendum með því
skýr skilaboð til verslana og
framleiðenda um að minnka
umbúðirnar. Hið gífurlega magn
af umbúðum sem eru óþarfar sést
líka mun betur þegar við söfnum
öllu saman á einn stað, í stað þess
að bera þetta heim. Við tökum
byltinguna á okkar heimavelli,
þar sem við fáum vörna í hend-
urnar. Verslanirnar eru okkar

tengiliður við framleiðendurna
og þær velja hvaða vörur þær
kaupa inn.

Við erum að tala um óþarfa umbúðir, ekki allar umbúðir. Hver og einn getur ákveðið hvaða umbúðir honum finnst óþarfar. Eins og vitur kona sagði, er enginn að biðja þig um að setja kornflexið í vasann. Að mínu mati eru hinsvegar umbúðir utan um grænmeti algjörlega óþarfar. Það er sorglegt frá því að segja að í dag sneiða margir hjá því að versla íslenskt- og lífrænt grænmeti, til þess að sleppa við umbúðirnar.

Helst af öllu viljum við jákvæða byltingu þar sem við getum öll unnið saman, einnig verslanir og framleiðendur, að því að finna nýjar lausnir sem eru ásettanlegar fyrir alla aðila. Það væri frábært ef verslanir gætu tekið þátt í þessu og undirbúið sig fyrir daginn, t.d. með því að setja flokkunartunnur við kassana. Það væri einnig ákaflega áhugavert ef verslanirnar gætu talið tunnurnar sem falla til yfir daginn, til að við getum séð hve mikið af umbúðum neytendur telja vera óþarfar.

Nú til dags eru flestir sammála um að umhverfismál skipta miklu máli. Umbúðir eru stór hluti af slæmum afleiðingum matvæla- iðnaðarins, og við getum í það minnsta reynt að minnka notkun þeirra. Sérstaklega þegar umbúðirnar eru óþarfar.

Hildur Dagbjört Arnardóttir



Til sölu

Holtastígur 22 í Bolungarvík. Húsið er mikið endurnýjað, tæplega 100 fm. einingarhús, 4 herbergja ásamt 35 fm.bílskúr. Húsið er byggt árið 1977, en bílskúrin 1989. Húsið er nýmálað að innan og tilbúið til afhendingar fljótlega. Upplýsingar gefur Helgi Birgisson í síma 660 2838.



Vera úr annnarri vídd?

Fuglinn í fjörunni situr stundum á steini og veltir fyrir sér þessari undarlegu veru sem ræður ríkjum hér á jörðinni, blessaðri mannskepnunni. Vissulega er manneskjan dálítið mögnuð, og öll sú þróun sem hún hefur staðið fyrir, bæði til góðs og ills. Ekki kann hún þó enn að fljúga hjálparlaust, sem fuglinum finnst fyndið og flissar með sjálfum sér. En merkilegast er að á þessu jarðarbrótti sínu í gegnum aldirnar, í leit að öflugra hugviti, meiri þekkingu og um leið betri lífsgæðum, þá hefur mannveran burðast með ákveðna rökvillu, sem gerir

ferðina alls ekki eins greiðfæra og hún gæti verið. Uppruni villunnar er ekki fyllilega ljós, en maðurinn má blóta þeim sem á henni bera ábyrgð, og sjálfum sér í leiðinni fyrir að halda í hana. Verandi eins skynsamur og hann þykist vera.

Gefum okkur að hingað til jarðar komi í heimsókn vera úr annari vídd, alsendis óglöggum manneskjuna, veran er eins og autt blað, veit ekki neitt og vill fræðast. Í stuttu en sönnu máli gæti fyrsta kynning verið einhvern veginn svona:

Manneskjan skiptist í tvö kyn.
Karlkyn og kvenkyn. Karlkynið

hefur í aldanna rás stjórnað og ráðið ferðinni, kvendýrið lítur lögum karldýrsins og fylgir á eftir.

Vera úr annarri vídd: Afhverju? Er kvendýrið gætt minni gáfum? Kynnir: Nei. Síður en svo. Kynni eru jafn gáfuð. Vera: Er kvendýrið veikara og aumara? Kynnir: Líkami karldýrsins er á heildina meiri um sig, vöðvar og bein stærri. Kvendýrið tekur þó að sér að fæða afkvæmin. Gengur með það í níu mánuði og fæðir svo. Líkamlegir verkir og álag sem því fylgir geta tekið mikið á. Þannig að ekki er hægt að segja að annað kynið sé veikara en hitt. Vera: En

kynin leita samt ekki saman að velferð sinni og betra lífi? Kynnir: Þetta er nú svona hægt og rólega á leiðinni þangað. Íslenska kven-dýrið heldur t.a.m. í ár upp á 100 ára kosningarrétt sinn. Fram að því mátti það ekki hafa skoðun. Kvendýrið mátti lengi vel ekki fræðast og ganga í skóla. Þannig er það víða ennþá. Það mátti ekki tjá sig, ekki gefa út bækur, þeirra kjör hafa alltaf og eru enn mun verri en karldýrsins. Vera: Hvaða rök eru með þessu? Kynnir: Tjah...

Þetta er ekki flókið. Allt tal um jafnrétti kynjanna er byggt á rökvillu. Rökvillu sem gert hefur að verkum að við erum skemur

á veg komin en ella. Tveir
hugsandi heilar, karls og konu,
eru betri en einn heili hugsandi
karls. Að maðurinn skuli ekki
hafa áttað sig á þessu strax í
upphafi er ótrúlegt. Verandi eins
skynsamur og hann þykist vera.

Um þessi undarlegu en stóru mál veltir fuglinn stundum sínum fiðruðu vöngum. Hann veltir líka vöngum yfir minni málum, ekki síður mikilvægum. Eins og til dæmis hvenær í fjáranum RÚV ætlar að taka af dagskrá þennan úrsæðingna hrútleiðinlega sjónvarpsþátt

ÚTSVAR. Þetta er alveg komið gott. Plís plís plís stopp.

Grunnskólanemar þjappa sér saman

Þemadagar standa nú yfir í Grunnskólanum á Ísafirði, undir yfirskriftinni „Þjöppum okkur saman.“ Á dögum er unnið með eins og nafnið gefur til kynna að þjappa betur saman hópnum sem í skólanum starfar, bæði nemendum og kennurum.

Fjölmíðlafulltrúar verkefnisins þau Hrafnhildur Una Magnúsdóttir í 7. bekk, Egill Fjölhnissón í 8. bekk, litu við á skrifstofu Bæjarins besta og gáfu blaðamanni innsýn í þá skemmtilegu vinnu sem þau og félagar þeirra í skólanum fást nú við. Þau segja afar skemmtilegt að breyta til og taka þátt í fjölbreyttu starfi sem þessu og bæta við að ekki sé verra að fá stundum frí úr hefðbundnum kennslustundum.

Í hópstarfinu vinna saman 13 hópar þar sem í hverjum eru 15-20 nemendur úr tveimur bekkjum. Fara nemendurnir í gegnum 13 ólíkar vinnustöðvar þar sem þau fá meðal annars að glíma við tækni-Legó, morðgátu, tilraunir og íþróttaleiki. Einnig gera þau kókoskúlur í regnbogalitum sem þau fá svo að borða á morgun við lok þemadaganna þar sem nemendur koma saman og sýna



það sem þau hafa verið að vinna að. Meðal þess sem þar verður er stomp-dans, en á einni stöðinni

læra hóparnir eina hreyfingu sem sett verður saman í dansverk í lokin, sem og bútasaumsteppi

sem saumað verður úr bútum sem hver hópur vinnur saman. Í öllu ferlinu er samvinna aðalmálið

og mun vinnan án efa skila sér í samstilltari hóp innan skólans.
annska@bb.is

TILBOÐ Í NÓVEMBER

Hreinsun og endurnýjun á sængum og koddum



DÚN & FIÐUR

Laugaveg 86

sími 5518740 / 5112004



Sportið í beinni...

fimmtudagur 12. nóvember

17:30 THW Kiel - Paris SGerm
18:00 Golf - PGA Tour
19:35 Noregur - Ungverjaland

föstudagur 13. nóvember

18:00 Golf - PGA Tour
19:00 ÍR - Haukar
19:35 Bosnía - Írland
22:00 Dominos Körfub.kvöld
00:30 Tor Rapt - NO Pelic NBA

laugardagur 14. nóvember

13:55 F1 - Æfing - Brasilía
16:20 Stjarnan - Snæfell
16:50 Úkraína - Slóvenía
16:50 F1 - Tímataka - Brasilía
17:15 Barcelona - HC Vardar
18:00 Golf - PGA Tour
19:35 Svíþjóð - Danmörk
03:00 UFC: Rousey vs. Holm

sunnudagur 15. nóvember

13:45 RK Celje - MVM Vez
16:30 F1 - Brasilía
18:00 Golf - PGA Tour
19:35 Ungverjaland - Noregur
21:20 Leikur í NFL

mánudagur 16. nóvember

19:35 Írland - Bosnía

þriðjudagur 17. nóvember

19:35 Slóvenía - Úkraína
19:35 Danmörk - Svíþjóð

miðvikudagur 18. nóvember

17:40 RN Löwen - Montpellier

Dagar Íslands

14. nóvember 1956:

Togarinn Fylkir, sem var eitt aflahæsta skip flotans, sökk norður af Straumnesi eftir sprengingu af völdum tundurdufls. Togarinn Hafliði bjargaði allri áhöfninni.

15. nóvember 1985:

Kröpp lægð fór yfir landið. Járnpötur fuku af húsum og eitt elsta tré í Reykjavík brotnaði. Flutningaskipið Urriðafoss slitnaði frá bryggju á Grundartanga og rak á land en náðist á flot nokkrum dögum síðar.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Norðlæg átt 5-13 m/s og dálítil el N-lands, en suðvestlæg átt og stöku el SV-til fram eftir degi. Annars bjart með köflum. Frost 0 til 5 stig, en yfirleitt frostlaust við ströndina.

Á laugardag:

Hæg norðlæg eða breytileg átt og víða bjart þegar líður á daginn, en líkur á dálitlum eljum með S- og SV-ströndinni. Kalt í veðri.

Á sunnudag:

Gengur í stífa norðaustanátt með eljum um landið norðanvert, en léttskýjað syðra. Áfram kalt í veðri, einkum í innsveitum.

Krossgátan

					STÆÐA	PILLA	TIGNA		FRÁ	TÓNVERK	VIÐUR
			JAGAST								
			SKÍTUR					YFIRGAF			
								SPERGILL			
			FISKA						EKKI HELDUR		
									MÁLMUR		
			BOKKA								ILMUR
			TALA								
	↓	HELBER	SPÍRA					OTA			
			HORFÐI					PLANTNA			
FÖST STÆRÐ						RÍKI Í ASÍU					
						UMFRAM					
SKÁL					ELDHÚS- ÁHALD					FYRIR- HÖFN	
					KEPPNI						
SKÓLI			SÍLL					KYRRA			
			SÆTI					SAMTALS			
LÆRIR				ÓSVIKINN					Í RÖÐ		
				ÆR					HLJÓÐFÆRI		
KYNJA- SKEPNA						HEILA					STÓ
						FLINKUR					
		TÍF					LÓFI				
		ÞÆFINGUR					LYFTA				
SEFUN					LÖNGUN					TROMMA	
					VELTINGUR						
TVEIR EINS			MORÐ					SPENDÝR			
			STÍGANDI					LÖGG			
MAR				ÖRVERPI					UTAN		
				SKST.					RÓMVERSK TALA		
UM- HVERFIS						ÖNDUNAR- FÆRI					
AÐFALL						HANDA					

BÍLAVERIÐ ehf

Hjólbarðapjónusta
Smurpjónusta

Smáviðgerðir

Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is



HEKLUSALURINN
Nýir bílar og notaðir

Þjónusta í heimabyggð frá 1983

Sudoku þrautir

9			2		8	6	4	
	8	3	5					2
4			7	3		1	8	5
	1	5		7	6		9	
	6	9	4		3			8
8			9		1			
			6	9	7		2	1
7			3			5		9
6				4			3	

7	4							5
8			3				6	
		2			7			9
				8	1	2	7	
1							9	
	5						8	
4					6	9		
			4	5				8
9		7			2			



Keppni um titilinn sterkasti maður og sterkasta kona Vestfjarða fór fram á Ísafirði á laugardag. Góður hópur var saman kominn fyrir utan Húsið á Ísafirði til að fylgjast með keppninni í haustblíðunni. Átta keppendur kepptu til leiks og sveif mikill baráttuhugur yfir vötnum. Keppnin var afar spennandi og þá sér í lagi í kvennaflokki þar sem skella þurfti í bráðabana á milli Ingibjargar Ólafsdóttur og Karitasar Sigurlaugar Ingimarsdóttur, þar sem Ingibjörg að lokum hampaði titlinum „Sterkasta kona Vestfjarða.“ Í karlaflokki var keppni líka jöfn, þó ekki kæmi til bráðabana þar, en sterkastur karla var Sigfús Fossdal, Stefán Reyrr Sveinbjörnsson varð annar og Borgar Björgvinsson þriðji. Aðstandendur keppinnar eru ánægðir með hvernig til tókst og stefna á að halda mótið aftur á næsta ári, þá að sumri til og hafa það stærra í sniðum.

annska@bb.is

**Auglýsinga-
sími
bb.is er
456 4560**

Þjónustuauglýsingar

PRENTUM ALLT MILLI HIMINS
OG
JARÐAR

Silfurgötu 1
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is

**VERK
VEST**

ENDURSKOÐUN
VESTFJARÐA ehf

Sími í Bolungarvík 450 7900
Sími á Ísafirði 450-7910

Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

HRADFYSTIHÚSIÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nýting sjávarauðlinda

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur
-----------	-------------	--------------	-------------	------------	-------------	------------

 LÍFSSTÍLL með Sigmundi Erni kl. 20.00 og kl. 22.00	 HEIMILD þættir frá Bergvik kl. 20.00 og kl. 22.00	 FÓLK MEÐ SIRRÝ með Sirrý kl. 20.00 og kl. 22.00	 VITI MENN með Karli Th. Birgis kl. 20.00 og kl. 22.00	 HERRA-HORNID með Sigmundi Erni kl. 20.00 og kl. 22.00	 HELGIN með Karli Ágúst kl. 20.00 og kl. 22.00	 SJÓNAR-HORN með Lóu Þórhalls kl. 19.30
 HEILSU-TÍMINN með Gígju Þórðar kl. 20.00 og kl. 22.00 5. OKT	 OKKAR FÓLK með Helga Pé kl. 20.00 og kl. 22.00 29. SEPT	 KRYDDJURTIR með Auði Rafns kl. 20.45 og kl. 22.45	 BÓKIN SEM BREYTTI MÉR með Sigmundi Erni kl. 20.30 og kl. 22.30	 DÖMU-HORNID með Sirrý kl. 20.15 og kl. 22.15	 VITI MENN með Karli Th. Birgis kl. 20.30 og kl. 22.30	 MANNAMÁL með Sigmundi Erni kl. 20.00 og kl. 22.00
 KÍKT Í SKÚRINN með Jóa Bachman kl. 20.30 og kl. 22.30	 ÉG BARA SPYR með Rakel Sveins og Rakel Garðars kl. 20.30 og kl. 22.30	 HOLLUSTA & HAMINGJA með Lukku Páls kl. 20.45 og kl. 22.45 28. OKT	 ALLT ER NÚ TIL með Helgu Eir kl. 20.45 og kl. 22.45	 KVENNARÁÐ með Björku Eiðs kl. 20.30 og kl. 22.30 16. OKT	 HERRA-HORNID með Sigmundi Erni kl. 21.00 og kl. 23.00	 FÓLK MEÐ SIRRÝ með Sirrý kl. 20.45 og kl. 22.45
 ÚR SMÍÐJU PÁLS með Páli Steingríms kl. 21.00 og kl. 23.00	 ATVINNULÍFIÐ með Sigurði K. Kolbeins kl. 21.00 og kl. 23.00	 GOLF MEÐ EYFA með Eyfa Kristjáns kl. 21.00 og kl. 23.00	 AFSAL með Rakel Sveins kl. 21.00 og kl. 23.00	 GRILL-SPADINN með Sigurði K. Kolbeins kl. 20.30 og kl. 22.30	 DÖMU-HORNID með Sirrý kl. 21.15 og kl. 23.15	 FÓLK & FRUMKVÆÐI með Sölva Tryggva kl. 21.30 og kl. 23.30
 RIT-STJÓRARNIR kl. 21.30 og kl. 23.30	 ÞJÓÐBRAUT með Páli Magnússyni kl. 21.00 og kl. 23.00 23. SEPT	 LÍFSINS LIST með Sirrý kl. 21.30 og kl. 23.30	 ALLT ER NÚ TIL með Helgu Eir kl. 20.45 og kl. 22.45	 HEIMILD þættir frá Bergvik kl. 21.30 og kl. 23.30		
		 4·3·3 með Herði Jóns kl. 21.30 og kl. 23.30	 LÍFSINS LIST með Sirrý kl. 21.00 og kl. 23.00			
		 KÍKT Í SKÚRINN með Jóa Bachman kl. 21.30 og kl. 23.30				

Upplýsandi, fróðleg
ögrandi sjónvarpsþ
dagskrá eins og hún
Fylgstu með!

Hringbraut er á rás
7 hjá Símanum og
25 hjá Vodafone
og **35** á örbylgjunni.
Dagskráin er öllum opin.

www.hringbraut.is

Hringbraut er á rás
7 hjá Símanum og
25 hjá Vodafone
og **35** á örbylgjunni.
Dagskráin er öllum opin.
www.hringbraut.is

GLÆSILEG DAGSKRÁ Á HRINGBRAUT



Upplýsandi, fróðlegir og stundum
ögrandi sjónvarpsþættir. Innlend
dagskrá eins og hún gerist best.
Fylgstu með!



HRINGBRAUT
við miðlum af reynslu